

Lög Kjördæmisráðs Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Suðvesturkjördæmi

1. gr.

Ráðið heitir Kjördæmisráð Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Suðvesturkjördæmi.

Heimili þess og varnarþing er hið sama og formanns.

2. gr.

Aðild að ráðinu eiga svæðisfélög Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í kjördæminu. Ráðið starfar samkvæmt lögum og markmiðum Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og vinnur að framgangi stefnu og markmiða flokksins á félagssvæðinu, samræmir flokksstarf og sinnir öðrum verkefnum eftir því sem við á og því eru falin.

3. gr.

Ráðið skipa fulltrúar svæðisfélaganna. Þeir eru kjörnir á almennum fundi, einn fyrir hverja fimm félagsmenn eða brot úr þeirri tölu, og jafnmargir til vara. Fulltrúar félaganna skulu kjörnir á félagsfundum eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund kjördæmisráðsins.

4. gr.

Aðalfund kjördæmisráðs skal halda árlega á haustmánuðum og boða hann svæðisfélagunum með minnst 3ja vikna fyrirvara. Stjórn kjördæmisráðs boðar aukafundi í ráðinu ef þörf krefur og einnig skal boða til fundar ef þriðjungur svæðisfélaganna eða kjörinna fulltrúa þeirra óska þess.

5. gr.

Aðalfundur kýs ráðinu stjórn til eins árs í senn. Skipa hana formaður kosinn á aðalfundi kjördæmisráðsins og stjórnarmenn að auki og skipta þeir með sér verkum að öðru leyti. Til vara skulu kjörnir 2 fulltrúar í stjórn. Einnig skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga. Við kjör í stjórn skal hlutur kynjanna vera eins jafn og kostur er.

6. gr.

Kjördæmisráð undirbýr og afgreiðir framboð flokksins til Alþingis.

Kjördæmisráðið ákveður hvort það er gert með því að uppstillingarnefnd geri tillögur til kjördæmisráðsfundar eða með öðrum hætti, prófkjöri eða forvali.

Framboðslisti Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í kjördæminu skal borinn undir fund kjördæmisráðs sem til er boðað eigi síðar en tveimur vikum áður en framboðsfrestur rennur út.

7. gr.

Á aðalfundi skal flytja skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár og bera upp ársreikninga.

Þá skal nýr formaður gera grein fyrir áhersluatriðum komandi árs.

Aðalfundur ákveður einnig árgjald aðildarféлага semlagt skal á eftir félagsmannafjölda í hverju félagi..

8. gr.

Á fyrsta aðalfundi eftir alþingiskosningar skal afgreiða reikninga kosninganna.

9. gr.

Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í lögum þessum gilda flokkslög VG og almenn þingsköp eftir því sem við á.

10..gr

.
Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi.